

Veiðifélag Eystri-Rangár
Keldum
851 Hella

Reykjavík 25. apríl 2019
UST201902-319/F.T.
08.12.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 1. mars sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Veiðifélag Eystri-Rangár vegna frávíka er skráð voru í eftirliti þann 17. desember 2018.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningum í rekstrarhandbók er ábótavant. Skrá skal afföll, magn, gerð og meðhöndlun úrgangs. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningar um losun efna út í umhverfið vantar.
3. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa vantar.
4. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Neyðaráætlun vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar vantar.
5. Gr. 2.1 og 2.6 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins. Frárennslis skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka. Ástand settjarnar er óviðunandi. Moka skal upp úr henni og/eða betrubæta hreinsun frárennslis.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávíka til 15. mars sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 10. maí nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.


Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á friggt@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afriti tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Suðurlands